GRÆNNI®

Tækniblað
Grænni olíuhreinsir

Vörulýsing

Grænni olíuhreinsir er kröftugur olíu- og asfalthreinsir fyrir hart yfirborð, svo sem gólf, verkfæri, vélar og innanstokksmuni.
Grænni olíuhreinsir inniheldur hvorki terpentínu né önnur rokgjörn lífræn leysiefni
Grænni olíuhreinsir inniheldur vistvæn efnasambönd framleidd hérlendis með endurvinnslu úrgangs.

Notkunarleiðbeiningar

1. Úðið efninu á óhreinindin eða vætið tusku með efninu og strjúkið yfir. Fyrir fulla virkni leyfið efninu að virka í 5-10 mínútur.
2. Sé um mikil eða erfið óhreinindi að ræða er gott að bursta eða nudda þau á meðan efnið er látið virka.
3. Skolið vel af með vatni.

Efnið skilur eftir sig örfilmu sem getur gert gólf og önnur slétt yfirborð hál, en hana má þrífa af með hefðbundinni sápu.

Eðliseiginleikar

Eiginleiki	Eining	Gildi
Form	-	Vökvi
Litur	-	Rafgulur, tær
Lykt	-	Dauf efnalykt
Sýrustig (pH)	-	6
Frostmark	°C	-10
Eldfimi	-	Ekki eldfimt
Eðlismassi	g/mL	0,9
Vatnsleysni	-	Lítilllega leysanlegt
Leysni		Leysist í vatni og etanóli
Seigja	cSt	100-120
Sprengifimi:	-	Ekki sprengifimt
Oxunareiginleikar:	-	Ekki oxandi
Gruggpunktar Neðri Efri	°C	 0-2 40-50

Allir eiginleikar eru við 20°C nema annað eigi við eða sé tekið fram.

Gefn ehf.
Víkurhvarf 8
203 Kópavogur

Sími: 537 5307
@: hello@gefn.is
http://www.gefn.is

Öryggi og meðhöndlun



Veldur alvarlegum augnskaða

Inniheldur:	Styrkur %
2-(2-Bútoxýetoxý)etanól	15-30
Ísótrídekanól, greinótt, etoxýlerað	5-15

Geymist í upprunalegum umbúðum, vel lokuðum, úr beinu sólarljósi og sem næst stofuhita. Forðist að geyma vöru utan ráðlagðra aðstæðna.
Fargið efninu samkvæmt lögum og reglugerðum. Merkið úrgangsefni vel og komið í spilliefnamóttöku.
Nánari upplýsingar um öryggi og meðhöndlun, þ.m.t. um hlífðarbúnað/persónuhlífar, má nálgast í öryggisblaði vörunnar.

Umbúðir

Mikilvægt er að endurvinna eða endurnýta umbúðir.

Þegar umbúðir eru endurunnar skal ganga úr skugga um að búið sé að klára allt hreinsiefni í umbúðunum, því næst skulu umbúðir þrifnar með vatni. Ekki þarf að nota aukaleg hreinsiefni til þrifanna. Skila skal umbúðum og töppum aðgreindum til endurvinnslu.

Umbúðum, sem eru 20 L eða stærri (brúsum, tunnum og bömbum) er hægt að skila til Gefnar til endurnýtingar og eru notendur hvattir til að nýta þann kost. Æskilegt er að tappar séu í/á tunnum og bömbum þegar þeim er skilað til endurnýtingar.

Grænni olíuhreinsir fæst í eftirfarandi umbúðastærðum

Umbúðastærð	Vörunúmer
1 lítri	1021010
5 lítrar	1023010
20 lítrar	1024010
200 lítrar	1025010
1000 lítrar	1026010

Gefn ehf.
Víkurhvarf 8
203 Kópavogur

Sími: 537 5307
@: hello@gefn.is
http://www.gefn.is